



Reglur Norðurþings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

I. kafli

Almennt um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Í reglum þessum er fjallað um stuðningsþjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Orðið stuðningur er í reglum þessum notað yfir þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

2. gr.

Markmið

Stuðningur er til staðar fyrir foreldra, forsjáraðila og eftir atvikum vistunaraðila við uppeldi barna eða til að styrkja þá í foreldrahlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Stuðningur er einnig fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, fjölþættis vanda, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna. Markmiðið er að styrkja stuðningsnet fjölskyldunnar svo að hún sé betur í stakk búin til að takast á við uppeldishlutverkið.

Þegar börnum er veittur stuðningur skal hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu og stuðlar að félagslegri aðlögun þess og þroska.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum skal ætíð koma fram í stuðningsáætlun, áætlun máls eða einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í samhengi við aðra þjónustu.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningur fyrir börn og fjölskyldur er fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna, skertrar getu, álags, veikinda, fjölþættis vanda eða fötlunar. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur bæði innan heimilis og utan. Þegar stuðningur er veittur skal ætíð leita eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir.

Um er að ræða eftirfarandi stuðning:

- Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf: Markmið með foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf er að aðstoða og leiðbeina foreldrum, forsjáraðilum eða vistunaraðilum við að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Stuðningur er veittur innan sem utan heimilis, s.s. með aðstoð við heimilishald og ráðgjöf. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.
- Námskeið: Markmið námskeiða er að efla félagsfærni, uppeldisfærni og líðan barna og fjölskyldna.
- Hópastarf fyrir 6-18 ára: Markmið hópastarfs er að rjúfa félagslega einangrun og efla lífsleikni og samfélagsþátttöku. Lögð er áhersla á félagsfærni og athafnir sem krefjast samskipta auk þess að kenna barni að vera í hópi og efla sjálfstraust þess og jákvæð samskipti. Hópastarf er liður í að efla einstaklinga til aukinnar sjálfshjálpar
- Einstaklingsstarf fyrir 0-18 ára: Markmið með einstaklingsstarfi er að rjúfa félagslega einangrun, efla lífsleikni, samfélagsþátttöku og efla börn til aukinnar sjálfshjálpar.

Norðurþing tekur þátt í útlögðum kostnaði til stuðningsaðila vegna stuðningsþjónustu sbr. reglur um stuðningsþjónustu Norðurþings.

- Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára: Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi stuðningsfjölskyldu á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi. Leitast skal við að veita barninu stuðning inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu:
 - a. Börn með ummönnumarmat geta fengið 2 til 6 sólarhringa í mánuði. Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsþjónustu.
 - b. Börn sem njóta stuðning skv. reglum þessum geta fengið 2 sólarhringa í mánuði.
 Heimilt er í undantekningatilvikum að víkja frá þessu ákvæði að gefnu þverfaglegu mati Félagsþjónustu Norðurþings.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 14 sólarhringar á mánuði.

- Skammtímadvöl fyrir 6-18 ára: Markmið með skammtímadvöl er að gefa börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns þegar um er að ræða miklar stuðningsþarfir umfram jafnaldra og til að styðja við fjölskyldu barnsins. Stuðningur í skammtímadvöl getur verið allt frá hluta úr degi og í allt að 14 sólarhringa á fjögurra vikna fresti. Unnt er að veita stuðning inn á heimili barnsins í stað dvalar utan heimilis sé þess óskað.



Heimilt er að veita þeim sem orðnir eru 18 ára og búa í foreldrahúsum áframhaldandi skammtímadvöl á meðan beðið er eftir annars konar stuðningi.

Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 14 sólarhringar á mánuði.

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá einum upp í 14 sólarhringa á fjögurra vikna fresti. Sé talin þörf fyrir þjónustu í meiri en 90 sólarhringja í 26 vikur samfleytt skal unin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoða á heimili notandans. Þurfi notandi annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu hans, samhliða skammtímadvöl, skal vísa máli hans til sérfræðingateymis skv. 20. Gr. Laga nr. 38/2018. Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi sé unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

- Sérfræðiþjónusta fyrir 0-18 ára: Markmið sérfræðiþjónustu er að efla andlega og líkamlega heilsu og færni barna.

4. gr.

Kostnaður við stuðningsþjónustu

Foreldrar eða forráðmenn greiða eftirfarandi kostnað við frístund, liðveisla og sérfræðiþjónustu.

- a. Greitt er fyrir dvöl í frístund skv. gjaldskrá Norðurþings hverju sinni.
- b. Liðþegi greiðir fyrir kostnað sem hlýst að liðveislu. Liðþegi getur sótt um fjárhagsaðstoð vegna kostnaðarskv. reglum um fjárhagsaðstoð Norðurþings.
- c. Greitt er fyrir skammtímadvöl skv. gjaldskrá Norðurþings hverju sinni.
- d. Sérfræðiþjónusta er greidd skv. þeirri þjónustu sem veitt er hverju sinni og upphæð ræðst af verðskrá þjónustuaðilans.

Í ákveðnum tilvikum greiðir Norðurþing allt að 1-3 tíma í sérfræðiþjónustu út frá matsviðmiðum, sjá fylgiskjal 1. Tekjulágir foreldrar geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum Norðurþings um fjárhagsaðstoð vegna sérfræðiþjónustu.

5. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðning við börn og fjölskyldur verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a. Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að skulu eiga lögheimili í Norðurþingi þegar sótt er um.
- b. Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að.
- c. Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum þessum.



II. kafli

Umsóknir og mat

6. gr.

Aðgengi að stuðningi

Foreldrar geta leitað eftir stuðningi frá Félagsþjónustu Norðurbings beint eða í gegnum skóla og heilsugæslu.

Leiði viðtal í ljós að þörf sé á stuðningi samkvæmt reglum þessum skal umsækjandi fylla út umsókn og undirrita blað um upplýst samþykki þar sem hann sækir um stuðning. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda, samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali 1. Stuðningurinn skal nánar útfærður í samvinnu við ráðgjafa.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og ráðgjafa sem tekur mið af þörfum fjölskyldunnar. Mat á stuðningsþörf fer fram í viðtölum í stjórnsýsluhúsi, skóla, heilsugæslu, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi umsækjanda. Niðurstaða mats skal koma fram í áætlun máls. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna fjölskyldunnar og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er ætíð að styðja fjölskylduna til að leita sem bestu mögulegu lausna hverju sinni.

Við mat á þörf og forgangs röðun skal líta til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni/getu og styrkleika fjölskyldunnar.
- Félagslegra aðstæðna og tengslanets.
- Samfélagsþátttöku og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður barns og fjölskyldu séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum, samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali 1, ber að synja umsókninni.

8. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun. Þar skal m.a. koma fram gildistími samþykktar, hvers konar stuðningur verði veittur, verkefni og vinnutilhögun. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn.

Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er viðvarandi, skal 4 til 6 mánuðum áður en umsækjandi nær 18 ára aldri liggja fyrir áætlun um áframhaldandi stuðning.



9. gr.

Forgangsröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. og í fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu ráðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru í fylgiskjali 2 með reglum þessum. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun og stuðningur getur hafist.

Ef fyrir séð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

III. kafli

Framkvæmd

10. gr.

Tími og umfang stuðnings

Almennt er ráðgjöf veitt milli kl. 08:00 og 15:00. Stuðningur í formi hópastarfs, einstaklingsstarfs, skammtímadvalar og stuðningsfjölskyldu getur verið allt að sólarhringsþjónusta. Ávallt skal taka mið af þörfum barns og fjölskyldu.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir í samráði við ráðgjafa. Um umfang stuðningsþjónustu er vísað til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þar sem fram kemur að aðstoð geti numið allt að 15 klukkustundum á viku hvað varðar veitingu stuðningsþjónustu.

11. gr.

Gildistími og endurmat

Þegar stuðningur hefst skal uppfæra stuðningsáætlun og samþykkja stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Áætlanir eru í stöðugu endurmati og eru alltaf til viðmiðunar.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum fjölskyldu skal endurmeta stuðningsþörf.

IV. kafli

12. gr.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.



13. gr. Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um þjónustu berst. Félagsþjónusta Norðurljósa skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

14. gr. Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við forráðamann. Leita skal eftir afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

15. gr. Endurskoðun

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

16. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

17. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmönnum ber að gæta trúnaðar í samskiptum við umsækjanda og gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, sbr. lög og reglur þar að lútandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Fara ber með allar upplýsingar sem viðkomandi starfsmaður fær í starfi sínu og varða persónulega hagi notenda sem trúnaðarmál.



18. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu Norðurlings bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

19. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustu Norðurlings taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Norðurlings

20. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan verði veitt.

Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um stuðnings- og stoðþjónustu.

21. gr.

Kynning á ákvörðun um þjónustu

Þar sem starfsmenn fjölskylduráðs hafa umboð til að taka ákvörðun á grundvelli þessara reglna skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskylduráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Ráðið skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun ráðsins skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

22. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í VII. og VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, 8. gr. sem og IV. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og barnaverndarlög nr. 80/2002.

Samþykkt á 81. fund fjölskylduráðs 11. janúar 2021 og staðfest í sveitarstjórn 19. janúar 2021



Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Norðurbings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Grundvallargildi við mat á stuðningsþörfum

- Matið tekur til heildaraðstæðna fjölskyldna.
- Foreldrar þekkja börn sín best og vilja þeim það besta.
- Börn og fjölskyldur eru ólík og einstök.
- Börn dafna best í fjölskyldu og samfélagi þar sem stuðningur er góður.
- Heildaraðstæður fjölskyldna hafa áhrif á líðan og hegðun barns.

Vinna skal í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Við mat á stuðningsþörf skal horft til effirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis:

1. Færni/geta og styrkleikar

- a. Færni og styrkleikar fjölskyldunnar.
- b. Samskipti og félagsleg virkni.
- c. Áhugamál.
- d. Umönnunar – og stuðningsþörf (ef við á).

2. Félagslegar aðstæður og tengslanet

- a. Fjölskylduaðstæður.
- b. Nánasta tengslanet.
- c. Ráðgjöf og stuðningur utan Norðurbings.
- d. Líðan barns/barna.

3. Samfélagsleg þátttaka og virkni

- a. Samskipti og félagsleg virkni.
- b. Virkni í skóla, frístund, frítíma og/eða vinnu.

4. Önnur atriði (ef við á)

- a. SIS- mat.
- b. Umönnunarmat (TR flokkur).
- c. Umönnunarmat (TR prósentu).
- d. Fötlunargreining og/eða aðrar greiningar sem taldar eru skipta máli við mat á stuðningsþörf.
- e. Upplýsingar um fötlun/líkamlegt heilsufar.
- f. Stuðningsþarfir.
- g. Annað sem umsækjandi vill taka fram varðandi fötlun eða andlega og líkamlega heilsu.
- h. Virk einstaklingsbundin þjónustuáætlun eða einstaklingsáætlun.
- i. Aðrar mikilvægar upplýsingar.



Fylgiskjal 2

Forgangsröðun samkvæmt reglum Norðurbings um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum, á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda.
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær.

1. Neyðarástand.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning s.s. þegar barni er hætta búin og mál þess er til meðferðar hjá barnavernd, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning s.s. þegar barni er hætta búin þá er máli barns vísað í barnavernd. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Snemmtæk íhlutun.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að grípa þarf inn í aðstæður fjölskyldu í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiri háttar inngrip síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

3. Stuðningur til staðar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur. Einnig getur verið um að ræða umsækjendur sem eru með langvarandi stuðningsþarfir.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar.

Aðstæður barns og fjölskyldu eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

